

Þjónustuhundur ársins 2022

Gaur



Gaur með eiganda sínum Þorkeli Steindal og formanni HRFÍ Daneíl Erni Hinrikssyni

Gaur hefur hjálpað honum Kela sínum gegnum lífsins ólgusjó með miklum sóma. Fyrir utan að hjálpa honum að ferðast á milli staða í skammdegismyrkrinu sem og bjarta sumardaga hefur Gaur líka hjálpað honum að ferðast á milli staða í skammdeginu sem býr innra með okkur öllum. Þeir hafa saman staðið af sér margar áskoranir og þeirra samband endurspeglar virðingu, traust og vináttu sem er einstök. Saman hafa þeir félagar einnig verið ötulir að kynna og halda á lofti starfi leiðsöguhunda á Íslandi.

Mig langar með þessari tilnefningu að votta þeim þann virðingavott sem þeir báðir eiga svo sannarlega skilið.